

Haustið.*

Dimm voru skýin og drungaleg.
 Það dreif saman fönnina þétt, —
 fönnin skófst þunglega og þétt.
 Sólin var horfin af sumarveg.
 Svalkalt kom haustið og grett;
 þess brýr voru myrkar sem miðnættið,
 það muldraði þungbúið ljóð.
 Eins kaldlega' og fossinn slær kletta rið,
 mér kvað það sinn nístandi óð.

„Sumar! þú kærasta systir mín,
 því sefurðu? Komín eg er, —
 kærasta systir, sjá! komín eg er.
 Því svafstu, er vildi eg vitja þín?
 Viltu' ekki þess unna mér,
 að líta þinn blóma? Þú byrgir hann
 í blundi. — Æ, því ertu köld?
 Mig hrollkuldi grípur, er heyri eg þann
 hrynjanda' af laufblaða fjöld.

Nákulda blænum eg anda mér að,
 er ymur um barlausa grein, —
 er beygir nú barlausa grein; —
 áður í laufi hann lék sér og kvað,
 í loftinu bergmál hans hvein;
 nú er hann kaldur sem komandi ís,
 það klakar í æðum mitt blóð,
 og orðið á vörunum eyðist og frýs,
 þá inni' eg mitt saknaðar ljóð.

Man eg það síðast, er sá eg þig! —
 Ef sæi eg aftur þá stund,
 ef aftur sú upp rynni stund,

*) Haustið og sumarið eru tvö goðborin systkin, sköpuð til að fremja glæp af óstjórnlegri ást hvors til annars. Í hvert sinn er Snær konungur (veturinn) breiðir sitt hvíta skegg yfir blómkinnar systur sinnar (sumarsins), fölnar hún og deyr.

Sbr. munnmælasögur Asteka þjóðar.